# *Nr. 140 / 09 Æður ST 41*

## *Vélarbilun og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 1932
*Smíðaður:* Hafnarfirði 1988 plast
*Stærð:* 9,6 brl. 9,5 bt.
*Mesta lengd:* 9,8 m *Skráð lengd:* 9,66 m
*Breidd:* 3,3 m *Dýpt:* 1,41 m
*Vél:* Caterpillar 112 kW 2001
*Fjöldi skipverja:* 3




Æður ©Hilmar Snorrason

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 25. nóvember 2009 var Æður ST 41 á siglingu fyrir utan Reykjavíkurhöfn. Veður: NA 8-10 m/s.

Á siglingunni stöðvaðist vélin og bátsverjar óskuðu eftir aðstoð. Dráttarbáturinn Leynir dró Æð ST til hafnar í Reykjavík.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að opnast hafði fyrir loftskrúfu á olíuverkinu og loft komist inn á olíukerfið. Ekki er gert ráð fyrir neinu til að herða hana heldur er það gert með höndum. Til að lofttæma vélina þurfti að losa upp á öllum spíssum og handdæla olíuþrýstingi upp á hana.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.